

Siglingaráð

25. fundur

Dags.: 3. september 2020, kl. 11:15 til 13:00 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Jón Bernódusson (Samgöngustofa), Árni Sverrisson (Félag skipstjórnarmanna), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og máltæknimanna), Þorlákur Halldórsson (Landssamband smábátaeigenda), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Stefán Guðmundsson (Samtök ferðapjónustunnar), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðapjónustunnar), Bryndís Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 24. fundar Siglingaráðs. (send í tölvupósti)

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann áherslu á að sóttvarnareglur, handhreinsun og 2 metra reglan sé virt á fundinum. Covid hefur tafið störf ráðsins en unnið hefur verið að málum þar sem því hefur verið viðkomið.

1. **Fundargerð 24.** fundar samþykkt með framkomnum breytingum.

2. **Lög og reglugerðir.**

1. **Reglugerð 524/2008 um afmörkun siglingaleiða.** Umræða var um málið. Áþ sagði að markmiðið væri bæði að vernda lífríkið á hafsvæðinu og tryggja öryggi skipa og spurning hvort heimila eigi nýrri skipum, með góðum mengunarvörnum, að fara innri leiðina ásamt því að jafnræði gildi um flutninga- og farþegaskip. Tafir hafa orðið vegna samtals við umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun. Við endurskoðun er þrennt sem þurfti að taka afstöðu til: Stærð skipa, kröfur til skipstjórnarmanna og kröfur um eldsneyti ekki hvað síst í ljósi svartolíubanns, auk breytingu á heimild til að veita undanþágu. HSS benti á að það getur þurft samþykki IMO fyrir breytingum. GJ sagði að málið þurfi meiri umfjöllun og fá þurfi fram athugasemdir hagsmunaaðila, þetta þarf ekki að vera flókið en einkum þrjú atriði sem þarf að taka afstöðu til. ÁLÁ sagði LHG fara eftir reglunum meðan þær eru í gildi. HS benti vinnuhópnum á að kynna sér ályktun RNSA um vothreinsibúnað skipa sem brenna svartolíu en víða er búið að banna opin kerfi þar sem úrgangi frá hreinsibúnaði er dælt í sjóinn. Ráðherra hafa verið kynntir hugmyndir að breytingum. Ákveðið að vinnuhópurinn komi saman fljótlega og fari yfir reglugerðina áður en drögin verði birt í samráðsgáttinni.

2. **Önnur lög og reglugerðir.** Í haust verða lögð fram á Alþingi tvö frumvörp sem komin eru í samráðsgáttina annarveggar ný skipalög og hinsvegar breyting á hafnalögum 61/2003 þar sem Innleidd verða ákvæði EES-gerðar um veitingu hafnarþjónustu og um gagnsæi í fjármálum hafna auk þess sem breyting verður gerð á gjaldtökuákvæði laganna til að skýra ákvæði um gjaldtöku tengd fiskeldi.

Á vörþingi verður lagt fram frumvarp um ný áhafnalög þar sem gildandi lög um áhafnir skipa verða sameinuð í ein heildstæð áhafnalög. Frumvarp um íslenska alþjóðlega skipaskrá sem unnið er samvinnu við fjármálaráðuneytið verður einnig lagt fram.

EÓ upplýsti að reglugerð um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum sé komin í samráðsgáttina. Komnar eru umsagnir sem tekið var tillit til og verður reglugerðin birt innan tíðar. Í kjölfarið þarf að uppfæra námskrá smáskipanámsins.

ÁS gagnrýndi breytingu á lögum um áhafnir ísl. fiskiskipa þar sem krafa um stýrimann á skipum 12-15 metra hafi verið felld brott og benti á hættuna þegar þessum skipum er siglt milli landshluta og hvíldartímaákvæðið brotið. Það er óráð að hafa bara einn skipstjórnarmann á þessum bátum og vitað er að í smíðum eru stórir bátar sem falla undir þessa reglu, jafnvel með tvöfalda línulengd. Þetta er mikið áhyggjuefni þ.m.t. hjá sjómönnum sem vinna á þessum skipum. Vantar skýr sektarákvæði til að beita þegar hvíldartímaákvæði eru brotin. EÓ sagði að í skipalögnum verði sektarákvæði en setja þurfi ákvæði um sektir þegar hvíldartímareglur eru brotnar.

3. **Ráðstefna 24. september.** Alþjóðasiglingamáladagurinn (World Maritime day) er 24. september en þema ársins er Sjálfbærir sjóflutningar fyrir sjálfbæra Jörð (Sustainable shipping for a sustainable planet). Áþ upplýsti að salurinn væri enn þá frátekinn fyrir ráðstefnuna og von á breyttum sóttvarnareglum, hægt væri að bjóða uppá ráðstefnu á vef. Ákveðið var að fresta ráðstefnunni til betri tíma. Lagt var til að haldið verði upp á daginn með öðrum hætti, greinaskrifum, auglýsingum í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum.
4. **Kynningar á verkefnum hugvitsmanna.** HSS og JB sögðu frá úrvinnslu umsókna og að verklagsreglum varðandi styrkveitingar sé fylgt en 2,5 m.kr eru til ráðstöfunar. Sjó umsóknir bárust og valdi vinnuhópurinn fjórar af þeim til kynningar fyrir ráðinu.
 1. **Strandvari.** Þórarinn Harðarson frá Strandsýn kynnti verkefnið ásamt Herði og Níls. Tilgangur tækisins er að varna skipstrandi ef skip fer of nærri landi, skerjum eða boðum gefur tækið viðvörðun en það varar einnig við árekstrarhættu við önnur skip, sjókvíar og baujur. Tækið er tengt við GPS og AIS tæki skips og búið að vera í þróun og prófunum í nokkrum bátum víða um land frá 2013. Tækið notast við gögn frá Sjósmælingasviði LHG þannig að það þekkir m.a. allar innsiglingar í hafnir landsins og gefur viðvörðun ef farið er út úr rétttri innsiglingaleið. Hreyfiskynjari er í brúnni sem metur hvort verið er að bregðast við hættu og á tækinu er hnappur til að stöðva viðvörðun. Þá inniheldur tækið rafrænan gátlista fyrir undirbúning sjóferðar. Í gangi er umsóknarferli fyrir einkaleyfi á tækinu en þörf er fjármunum í öflugri búnaði til framleiðslu tækjanna.
 2. **Stýrið-Myndræn framsetning sjólysja.** Ingvi Þór Georgsson kynnti verkefnið (sjá styrid.is). Hugmyndin að verkefninu er til komin vegna upplýsingakorts SGS um umferðarslys. Stýrið er upplýsingakerfi um staðsetningu skipa sem þegar er í hönnun hjá þeim en ætlunin er að bæta við myndrænni staðsetningu slysa á sjó þar sem smellt verður á punkta á kortinu til að sækja nánari upplýsingar um slysin. Ingvi sagði að samráð hafi verið við tryggingafélög og útgerðir innan SFS. Kortið ætti að hafa mikið forvarnagildi því það er sjónrænt og gagnvirkt sem hentar sjómönnum vel. Þetta er ekki gert í hagnaðarskyni heldur fá þeir aðilar aðgang að kerfinu sem geta nýtt sér það.
 3. **Snjallsiglingakerfi.** Karl Birgir Björnsson og Björn Jónsson frá Hefring Marine kynntu verkefnið. „Ölduvari“ kerfi sem kynnt var fyrir ráðinu á 21. fundi er komið í notkun (sjá hefringmarine.com) en nú er verið að þróa kerfi fyrir stærri skip og er í byrjun horft til 24 metra langra skipa. Notast er við gervigreind til að spá fram í tímann um hreyfingu skipsins til að leiðabeina skipstjórnarmanni við siglingu skipsins. Við þróun búnaðarins er samstarf við fjölda aðila innan sem utanlands svo sem Garmin, Google AL/Coral og útgerðir. Mögulegt er að bæta við fleiri breytum í kerfið tam. stöðugleikagögnum, olíueyðslu og reikna út hagkvæmstu siglingaleiðina. Það er ekki flókið að útbúa kerfið fyrir stærri skip en 24 metrar en það er seinni tíma verkefni. Ekki er ætlunin að kerfið taki ráðin af skipstjórnarmanni heldur leiðbeini honum.
 4. **Fjarskipti eru öryggismál.** Magnús Guðjónsson kennari kynnti verkefnið. Ætlunin er að búa til kennsluefni fyrir endurmenntun í fjarskiptum skipa. Þekking á fjarskiptum er mikilvæg til að tryggja öryggi skipa og mikil þróun hefur verið í fjarskiptamálum en engar kröfur eru um endurmenntun í fjarskiptum heldur fá menn endurnýjuð skírteini með því greiða fyrir þau. Kennsluefnið verði opið á netinu með samantekt á reglum, notkun tækja, prófanir á fjarskiptabúnaði og nýliðafræðsla fyrir skipstjórnarmenn en sá hluti gleymist gjarnan þegar menn eru ráðnir um borð.

Umræða eftir kynningar:

ÁLA tók undir að það vanti kennsluefni í fjarskiptum og að lengi hafi staðið til að gera myndband á vegum áætlunar um öryggi sjófarenda og gott ef það væri farið í þá vinnu sem fyrst. HS og VV tóku undir það. HAG minnti á að áætlunin ætti ekki að styrkja almenna námsgagnagerð. HS upplýsti að ekki hafi náðst samstaða innan IMO að gera kröfu um endurmenntun í GMDSS. ÁP taldi eðlilegt að styrkja símenntun í starfi þar sem miklar breytingar eru hraðar. Eðlilegt væri að styrkja verkefnið af fræðslulið og var sátt um það. ÁS sagði að margt af þessu sem verið var að kynna hafi verið í siglingatækjum síðustu 30 árin og að ekkert komi í staðin fyrir örugga vakt í brúnni og standa þurfi gegna fækkun manna í brú. Samstaða að þetta verkefni færi á annan lið en hin verkefnin væru öll góð. Strandvari og Snjallsiglingakerfið séu verðug verkefni. Athuga hvort Stýrið eigi að vera verkefni hjá Samgöngustofu, líkt og slysakort umferðarslysa. Ákveðið að ráðsmenn sendi tillögur um forgangsröðun verkefnanna 3ja m.t.t. úthlutunar en alls eru 2,5 mkr. Til úthlutunar. Að fengnum hugmyndum ráðsmanna verður sett saman umsögn ráðsins til samþykktar með fundargerð.

5. Önnur mál. (ekki var tími til að fjalla um önnur mál)

Næsti fundur verður boðaður í tölvupósti.

IV og ÁP rituðu fundargerð.